

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, íbúðarbyggð við Iðufell, Laugarási.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 14. júní 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, frá 22. nóvember 2001.

Breytingin felst í því að 5 ha verslunar- og þjónustusvæði suðvestast í þorpinu Laugarási breytist í svæði fyrir íbúðarbyggð. Svæðið afmarkast að suðaustan af þjóðvegi 31 sem liggur í gegnum þorpið, bökkum Hvítár að suðvestan og verslunar- og landbúnaðarsvæði ásamt íbúðarbyggð að norðan.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Bláskógabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 14. júní 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 5. júlí 2007